

Ed.

232. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð.

Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Í Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar Stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunararlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.